



LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR



VILHJÁLmur EGILSSON



HELGA GUÐRÚN JÓNASDÓTTIR



GUÐBERGUR BERGSSON



GUÐRÚN HELGADÓTTIR



Á landsfundi Kvinnalistsans var samþykkt ályktun þess efnis að verkalyðshreyfingin hafi staðið sig illa hvað varðar launajafnrétti kvenna. Spursmálið er einnig: Er hún ábyrg?

## Hefur verkalyðshreyfingin brugðist konum?

Lára V. Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ:

„Hún dugar þeim að vissu marki en verkalyðshreyfingin semur bara um kjarasamninga sem eru kynhlutlausir. Hins vegar vitum við að munur á heildartekjum karla og kvenna í þjóðfélaginu miðað við fullt ársstarf er að meðaltali mikill; fullvinnandi konur hafa rétt rúm 60% af heildartekjum karla á ársgrundvelli. Þetta hlutfall hefur staðið nær óbreytt um árabil. Launabilið er óásættanlegt, en ég tel að það sé ekki hægt að kenna verkalyðshreyfingunni um þennan launamun. Meginástæðan er þetta kerfi yfirvinnugreiðslna sem gerir það að tekjur karla verða miklu meiri. Annar þáttur er skipting í karla- og kvinnastörf. Verkalyðshreyfingin ákveður ekki í hvaða störf konur fara, né heldur ræður

hún verkaskiptingunni í þjóðfélaginu.“

Vilhjálmur Egilsson alþingismaður:

„Það hafa fleiri orðið fyrir vonbrigðum með verkalyðshreyfinguna en Kvinnalístin. Meginástæðan er sú að laun og lífskjör þjóðarinnar fara fyrst og fremst eftir gangi atvinnulífsins. Verkalyðshreyfingin getur þess vegna aldrei náð nema takmörkuðum árangri, sem hlýtur að byggjast á því hvernig staða atvinnulífsins er hverju sinni. Hins vegar tel ég að verkalyðshreyfingin hafi náð þokkalegum árangri í margskonar réttindamálum sem snúa ekki síður að konum en körlum. Hvorki Kvinnalístin né nokkur annar má hafa oftrú á mögulegum árangri í kjarasamningum, hinn raunverulegi árangur í kjarabar-

áttunni næst á vinnustaðnum sjálfum þar sem málið snýst um að auka framleiðni og það á jafnt við um þau störf sem konur vinna og karlar.“

Helga Guðrún Jónasdóttir, blaðafulltrúi Landbúnaðarins:

„Ég er í grundvallaratriðum sammála afstöðu Kvinnalistsans. Hlutur kvenna hefur orðið dálítið útundan í þessari almennu kjarabaráttu launþegasamtakanna. En við erum að tala um grómttekinn vanda og það er spurning hvort hægt er að ætlast til þess af verkalyðshreyfingunni að hún ein og sér verði gerð ábyrg fyrir upprætingu hans í einu veffangi. Fyrirvinnuhugtakið virðist loða við karlmanninn og það er ekki sist í ljósi þess að launabaráttu kvenna verður útundan. Að mínu mati verður það ekki fyrr en kynin sitja við

sama borð gagnvart þessu fyrirvinnuhugtaki sem við getum talað um raunverulegt jafnrétti í launamálum í framkvæmd.“

Guðbergur Bergsson rithöfundur:

„Ég held að verkalyðshreyfingin dugi hvorki konum né körlum. Vandí hennar er að hún endurnýjast ekki á eðlilegan hátt sem getur stafað af því að ungt fólk er ekki nógu duglegt við að ganga upp stiga verkalyðshreyfingarinnar. Það vill fá aðstoð en firrir sig ábyrgð. Þess vegna endar allt hér á landi í einhverju pokaprestatali eins og til dæmis hjá Guðmundi J. Ég held að kvinnahreyfingin ætti ekki að aðgreina sig eins mikið og hún gerir. Þá endar þetta óhjákvæmilega í sama staglinu. Mín eina ósk er að ég eigi aldrei eftir að sjá kvenpokaprest.“

Guðrún Helgadóttir alþingismaður:

„Þetta er spurning sem varla er hægt að svara, málið er flóknara en svo. Staðreyndin er auðvitað sú að tekjur manna miðast að litlu leyti við dagvinnu en byggjast að verulegu leyti á yfirvinnu, fríðindum og hlunnindum. Vinnuálag kvenna á heimilum er miklu meira en karla og þar afleiðandi eiga þær miklu óhægarara um að vinna yfirvinnu og njóta fríðinda sem auknið vinnuálag hefur oft í för með sér. Ég held að kannski sé erfitt að saka við verkalyðshreyfinguna eingöngu. Staða kvenna er að miklu leyti óbreytt hvað varðar hlut foreldra í uppeldi barna og umönnun að öllu tagi. Þangað til það breytist held ég að það verði erfitt að jafna þessi met.“

04.11